



## **Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð 25. ágúst 2023: Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar um bátinn Örninn BOS2303002**

Lagt er til að samþykkt verði erindi frá Victori Berg Guðmundssyni og Viking Park um að þeir taki að sér bátinn Örninn með það í huga að gera bátinn upp, viðhalda og hafa til sýnis við Hjørleifshöfða. Lögð verði áhersla á tengingu við sögu bátsins, sögu útgerðar og siglinga á svæðinu, landnámssögu Íslands og kvikmyndasöguna samanber meðfylgjandi greinargerð.

Greinargerð:

Með hliðsjón af þeim viðmiðum sem ráðið setti fram, þykja hugmyndir Victors Bergs Guðmundssonar og Viking Park ákjósanlegastar.

Þegar hefur mikil uppbygging átt sér stað á svæðinu við Hjørleifshöfða við miðlun á sögu svæðisins og myndi báturinn sóma sér vel í því samhengi. Þar er hann kominn í vissa tengingu við landnámssögu Íslands, en það tengist sannarlega við upphaflega smíði hans og siglingu til Íslands í tilefni þess að 1100 ár voru liðin frá landnámi. Einnig í tenglum við miðlun á sögu útgerðar og siglinga á þessum slóðum. Enn fremur er áhugaverð sú áhersla sem verður lögð á að fjalla um þátt Arnarins í íslenskrí kvikmyndasögu, sem er ekki veigalítill og vert er að halda á lofti. Þeir aðilar sem að baki hugmyndinni standa hafa getu og reynslu á sviði varðveislu báta og viðhalds, samanber þátt þeirra í varðveislu Skaffellings.